



**Efni: Heimild til að hefja frumathugun fyrir verkefnið „stöðlun ferðaupplýsinga fyrir rafskútur“.**

Óskað er eftir að borgarráð heimili þjónustu- og nýsköpunarsviði að hefja frumathugun fyrir verkefnið „stöðlun ferðaupplýsinga fyrir rafskútur“.

Verkefnið er með fjármögnun á 2102 Áhöld, tæki og hugbúnaður PON og tilheyrir verkefnaklasa 80019 Upplýsinga- og gagnastýring. Áætlaður framkvæmdatími verkefnisins er frá júlí 2024 – desember 2024 og er heildarkostnaður skv. frumkostnaðaráætlun 7,1 m.kr sem tilheyra eignasjóði á framkvæmdatímanum.

Verkefnið samræmist stefnumörkun stafræns ráðs og hefur verið kynnt fyrir stafrænu ráði.

Greinargerð fylgir beiðninni.

Virðingarfyllst,

Óskar Sandholt,  
sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs



### **Greinargerð:**

Á síðast liðnum fimm árum hafa rafskútur breytt samgöngukerfi Reykjavíkurborgar. Árið 2023 voru um 1.790 rafskútur í notkun daglega og að meðaltali voru 5.444 ferðir farnar um borgina á hverjum degi. Heildarfjöldi ferða fyrir árið 2023 var 1.993.242. Reykjavíkurborg hefur hins vegar ekki aðgang að neinum gögnum umfram fjölda ökutækja í notkun og fjölda ferða um borgina sem er bagalegt og hamlar t.d. stefnumörkun og eftirliti með farartækjunum.

Forgreiningu verkefnisins er lokið en um er að ræða frumathugun sem skiptist í þrjá fasa. Fyrsti fasinn er stefnumótun og vinnustofur með einkaaðilum. Annar fasinn er uppsetning á kerfi og notkun þess til þriggja mánaða (samkvæmt samningi). Þriðji fasinn er árangursmat og framtíðarmótun.

Með verkefninu er stefnt að því að:

- Safna saman flæðisgögnum, svo sem GPS, flæðisgögnum og notkunarhegðun, til að borgaryfirvöld geti tekið upplýstar ákvarðanir varðandi samgöngukerfið og brugðist við vandamálum á borð við hættusvæði, slys og umferðarþrengsli.
- Með uppsetningu MDS (Mobility Data Specification) getur Reykjavíkurborg tryggt að rafskútur séu notaðar á öruggan og áhrifaríkan hátt, sem stuðlar að betri og öruggari samgöngum í framtíðinni.

Væntur ábati verkefnisins er m.a.:

- Bætt samgönguskipulag: Gögn frá MDS gera borgum kleift að skipuleggja innviði á upplýstan hátt.
- Eftirlit með reglum: Borgir geta fylgst með hvort þjónustuaðilar fylgi reglugerðum.
- Stjórnun umferðar: Rauntímagögn hjálpa við að stjórna umferðarflæði og draga úr þrengslum.
- Umhverfisávinningur: Styður við sjálfbærar samgöngulausnir.
- Öryggi: Hjálpar við að bæta öryggi með betra eftirliti.
- Jafnrétti: Tryggir aðgengi að samgöngum fyrir alla íbúa.
- Nýsköpun: Stuðlar að þróun nýrra lausna og efnahagsvöxt.

Jafnréttisskimun fyrir verkefnið liggur fyrir, en fjárfestingin er ekki talin hafa neikvæð jafnréttisáhrif. Áætlaður heildarkostnaður við verkefnið samkvæmt frumkostnaðaráætlun er 7,1 m.kr. sem tilheyrir eignasjóði á framkvæmdatímanum.

Kostnaðarstaður: kostnaðarstað 2102 Áhöld, tæki og hugbúnaður PON og tilheyrir verkefnaklasa 80019 Upplýsinga- og gagnastýring. Verkbeiðnanúmer 253928.

F.h. Þjónustu og nýsköpunarsviðs,

Þröstur Sigurðsson,  
skrifstofustjóri Stafrænnar Reykjavíkur